



leið C sem er aðeins frábrugðin. Um það segir í matskýrslunni: Val Vegagerðarinnar byggir fyrst og fremst á mati á umferðaröryggi og tryggingu samgöngum. Nýi vegurinn skv. veglínunum C og M verður samtals 14,3 km að lengd og er að stórum hluta lagður um lítið hreyft land. Um 13,6 km af nýbyggingunni liggja utan núverandi vegsvæðis. Vegarkafli nær frá núverandi vegi skammt vestan við Kjálkaveg að núverandi vegi í Heiðarsporði. Breidd vegar verður 7,5 metrar með 7,3 metra breiðu bundnu slitlagi. Vegurinn liggur á 4,4 km löngum kafla eftir árfarvegi og áreyrum Norðurár. Á þeim kafla þarfað grjótvörja veginn. Ný brú verður byggð yfir Norðurá. Við byggingu brúar í veglínu C (80 m) þarf fyllingu með grjótvörn út í árfarveginn. Við byggingu brúar í veglínu M (76 m) þarf ekki að fylla út í árfarveginn, því endastöplar brúarinnar verða byggðir á landi.

Um jákvæð og neikvæð umhverfisáhrif segir m.a.: Jákvæð áhrif framkvæmdarinnar eru bættar samgöngur á Hringvegi með uppbyggðum,

öruggum vegi, tvíbreiðum ræsum og brú. Vegurinn verður án blindbeygja, blindhæða og brattrar brekkna og langhalli vegar verður minni en á núverandi vegi. Reiknað er með að snjóöfnun á veginum verði lítil. Rykmengun verður í lágmarki. Hringvegurinn styttest örliðið, eða um 400 m . . . Skriðuhætta á veginum minnkar, því vegurinn færir fjær fjallshlíðinni þar sem hann liggur á áreyrunum á kaflanum frá Kjálkavegi að Gvendarnesi, liggur neðar í hlíðinni á kaflanum frá Kotá að Fremri-Kotum og fer ekki yfir skriðukeilu Valagilsár. Neikvæð áhrif framkvæmdarinnar eru nokkur. Helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar eru vegna breytinga á farvegi og áreyrum Norðurár. Breytingarnar hafa töluverð neikvæð áhrif á lífríki árinna. Samkvæmt skýrslu Veidimálastofnunar er þó aðallega gert ráð fyrir skammtímaáhrifum. Með réttum mótvægisáðgerðum má koma að mestu í veg fyrir langtímaáhrif framkvæmdarinnar á lífríki Norðurár. . . Niðurstaða matsvinnunnar er að framkvæmdir samkvæmt veglínunum C og M muni ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið. Vegagerðin telur að jákvæð áhrif framkvæmdarinnar á samgöngur og umferðaröryggi séu það mikil að hægt sé að sættast á þau neikvæðu áhrif sem framkvæmdin hefur í för með sér. Til að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður ýmsum áðgerðum beitt og haft samráð við ýmsa aðila. Þar sem þörf er á verður mótvægisáðgerðum beitt. Við hönnun vegarins verður reynt að gera neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar sem minnst. Við hönnun og frágang náma, vegar, brúar

Niðurstöður útboða

Snæfellsnesvegur (54) um Kolgrafafjörð, niðurrekstrarstaurar 03-027

Tilboð opnuð 24. febrúar 2003. Vesturlandsumdæmi. Framleiðsla á steiptum niðurrekstrarstaurum fyrir brú á Kolgrafafjörð ásamt flutningi þeirra á byggingarstað. Um er að ræða 280 stk. af 10 m löngum staurum, sem eru 270 mm á kant. Helstu magntölur: framleiðsla niðurrekstrarstaura 2.800 m, flutningur niðurrekstrarstaura 510 tonn. Verki skal að fullu lokið 1. júní 2003.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
11 Eikarverktakar ehf., Kópavogi	22.680.000	128,5	10.296
10 Brúarverktakar ehf., Reykjavík	22.032.000	124,8	9.648
9 Malarvinnslan hf., Egilsstöðum	19.830.600	112,3	7.446
8 J.K.J. hellusteypa ehf., Fellabæ	19.103.040	108,2	6.719
--- Áætlaður verktakakostnaður	17.650.800	100,0	5.266
7 Kári Ólafsson, Árbakka, Egilsstöðum	15.552.000	88,1	3.168
6 Steypustöð Hvammstanga ehf.	15.373.620	87,1	2.989
5 Einingarverksmiðjan ehf., Reykjavík	14.832.000	84,0	2.448
4 Ístak hf., Reykjavík	14.778.360	83,7	2.394
3 Almenna umhverfisþjónustan, Grundarfirði	13.300.349	75,4	916
2 Mikael ehf., Hornafirði	12.827.340	72,7	443
1 Loftorka Borgarnesi ehf.	12.384.360	70,2	0

og steyptra stokka verður reynt að fella framkvæmdina sem best að umhverfinu. Skeringar, fyllingar og námur verða aðlagðar að landinu umhverfis og sáð í þær að framkvæmdum loknum þar sem við á í samráði við landeigendur og eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar. Vegagerðin mun græða upp jafn mikið gróðurlendi og tapast vegna framkvæmdarinnar. Leitast verður við að raska landi bújarða sem minnst.

Ólafsfjarðarvegur (82), niðurrekstrarstaurar fyrir Ólafsfjarðarós 03-034

Tilboð opnuð 24. febrúar 2003. Norðurlandsumdæmi eystra. Framleiðsla á steiptum niðurrekstrarstaurum fyrir brú á Ólafsfjarðarós ásamt flutningi þeirra á byggingarstað. Um er að ræða 80 stk. af 10 m löngum staurum, sem eru 270 mm á kant. Helstu magntölur: framleiðsla niðurrekstrarstaura 760 m, flutningur niðurrekstrarstaura 146 tonn. Verki skal að fullu lokið 1. maí 2003.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
13 Eikarverktakar ehf., Kópavogi	9.400.000	178,1	5.480
12 Brú verktakar ehf., Reykjavík	6.268.000	118,8	2.348
11 Einingarverksmiðjan ehf., Reykjavík	5.562.500	105,4	1.643
10 Malarvinnslan hf., Egilsstöðum	5.490.050	104,0	1.571
--- Áætlaður verktakakostnaður	5.277.000	100,0	1.358
9 Daltré ehf., Dalvík	5.200.000	98,5	1.280
8 Ístak hf., Reykjavík	5.028.950	95,3	1.109
7 Almenna umhverfisþjónustan, Grundarfirði	4.797.692	90,9	878
6 J.K.J. hellusteypa ehf., Fellabæ	4.793.600	90,8	874
5 Kári Ólafsson, Árbakka, Egilsstöðum	4.320.000	81,9	400
4 Steypustöð Hvammstanga ehf.	4.270.400	80,9	351
3 Möi og sandur hf., Akureyri	3.940.000	74,7	20
2 Mikael ehf., Hornafirði	3.927.950	74,4	8
1 Loftorka Borgarnesi ehf.	3.919.500	74,3	0

Hönnun

Áætlanadeild Vegagerðarinnar á Akureyri hannar verkið í samvinnu við Vegagerðina á Sauðárkróki, nema brýr á svæðinu. Brúadeild Vegagerðarinnar hannar brýrnar. Áætlanadeild Vegagerðarinnar á Akureyri sá um mat á umhverfisáhrifum.

